

65  
11. okt.

## AUGLÝSING

um

**breyting á reglugjörð til bráðabirgða fyrir lærdómsdeild hins almenna Menntaskóla í Reykjavík frá 13. marz 1908.**

Samkvæmt þegnlegum tillögum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hefir Hans hátign konunginum í dag allramildilegast þóknast að staðfesta eftirfarandi reglugjörð um breyting á reglugjörð til bráðabirgða fyrir lærdómsdeild hins almenna Menntaskóla í Reykjavík.

## REGLUGJÖRÐ

um

**breyting á reglugjörð til bráðabirgða fyrir Menntaskólann í Reykjavík frá 13. marz 1908.**

1. gr.

Orðin „fornaldarfræði og kristinfræði“ í 3. gr. reglugjörðarinnar falla niður, og enn fremur í sömu grein orðið „stærðfræði“, en í staðinn fyrir síðasttalið orð koma: „bókfærsla eftir nánari fyrirmælum ráðuneytisins“.

Enn fremur falla burt 7., 8. og 11. liður A. og B. í 4. gr.

2. gr.

Reglugjörð þessi gengur þegar í gildi.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. október 1929.*

Jónas Jónsson.

---

*G. Sveinbjörnsson.*